

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 48 19. júní 1933, um leiðsögu skipa staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir leiðsögu við Ísland nr. 305 12. júní 1984.

Samgönguráðuneytið, 17. maí 1985.

Matthías Bjarnason,

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 224

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups varðandi beiðni um breytingu á sóknarmörkum milli Víðidalstungusóknar, Breiðabólstaðarsóknar og Þingeyrarsóknar í Húnavatnsprófastsdæmi.

„Ráðuneytið hefur mótttekið bréf yðar, háæruverðugi herra, dags. 30. janúar sl., þar sem lagt er til að eftirfarandi breyting verði gerð á sóknarmörkum milli Víðidalstungusóknar, Breiðabólstaðarsóknar og Þingeyrarsóknar í Húnavatnsprófastsdæmi.

Allir bæir í Þorkelshólshreppi, sem tilheyrir hafa Breiðabólstaðarsókn og Þingeyrarsókn, tilheyri framvegis Víðidalstungusókn.

Samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 35/1970 um skipun prestakalla og prófastsdæma og um Kristnisjóð og með samþykki héraðsfundar Húnavatnsprófastsdæmis frá 2. september 1984, svo og samþykkt viðkomandi sókna, samþykkir ráðuneytið ofangreinda breytingu.

Við álagningu sóknargjalda fyrir árið 1985 ber að miða við ofangreinda breytingu.

Yður tilkynnist þetta til frekari birtingar.“

Nr. 225

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups varðandi beiðni um breytingu á sóknarmörkum milli Grenivíkursóknar og Laufássóknar í Þingeyjarprófastsdæmi.

„Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, háæruverðugi herra, dags. 25. janúar sl., þar sem lagt er til að breyting verði gerð á sóknarmörkum milli Grenivíkursóknar og Laufássóknar í Þingeyjarprófastsdæmi.

Samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 35/1970 um skipun prestakalla og prófastsdæma og um Kristnisjóð og með samþykki héraðsfundar frá 2. september 1984, svo og samþykki viðkomandi sókna, samþykkir ráðuneytið að eftirfarandi breyting verði gerð á mörkum Grenivíkursóknar og Laufássóknar í Þingeyjarprófastsdæmi: Að bæirnir Hléskógar og Grýtubakki II flytjist úr Grenivíkursókn í Laufássókn.

Við álagningu sóknargjalda fyrir árið 1985 ber að miða við ofangreinda breytingu.

Yður tilkynnist þetta til frekari birtingar.“